

DEILISKIPULAG AKRANESHAFNAR  
AKRANESI

**SKIPULAGSLÝSING**  
FEBRÚAR 2024



**TEIKNA**

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Skipulags- og umhverfissvið  
Akraneskaupstaðar



# EFNISYFIRLIT

---

<b>1</b>	<b>Yfirlit.....</b>	<b>3</b>
1.1	Skipulagslýsing.....	3
<b>2</b>	<b>Viðfangsefni.....</b>	<b>3</b>
<b>3</b>	<b>Forsendur .....</b>	<b>4</b>
3.1	Staðhættir.....	4
3.2	Gatnakerfi .....	4
3.3	Fornminjar .....	5
3.4	Gildandi skipulagsákvæði.....	5
3.4.1	Deiliskipulag.....	5
3.4.2	Ákvæði aðalskipulags.....	6
3.5	Tengsl við aðrar áætlanir .....	7
3.5.1	Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar .....	7
3.5.2	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.....	7
3.5.3	Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	7
3.5.4	Aðrar áætlanir .....	7
3.5.5	Náttúruvernd .....	7
<b>4</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum .....</b>	<b>8</b>
4.1	Efni umhverfismatsskýrslu .....	8
<b>5</b>	<b>Skipulagsferli.....</b>	<b>10</b>
5.1	Lýsing.....	10
5.2	Umsagnaraðilar.....	10
5.3	Auglýsing tillagna og afgreiðsla.....	10
5.4	Tímaáætlun .....	10
5.5	Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu.....	11

**Akraneskaupstaður**  
Skipulags- og umhverfissvið  
Dalbraut 4  
300 Akranes  
Sími: 433 1000

**TEIKNA - teiknistofa arkitekta**  
Kaupangi v/Mýrarveg  
600 Akureyri  
[www.teikna.is](http://www.teikna.is)  
[arni@teikna.is](mailto:arni@teikna.is)  
Sími: 552 8740, 461 5508

# 1 YFIRLIT

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri skipulagsvinnu við hluta Akraneshafnar. Skipulagssvæðið er innan landnotkunarreits H-102, hafnarsvæðis, í Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 en þar er gert ráð fyrir landfyllingu sem ætluð er hafnsækinni starfsemi, fiskiðnaði og annarri athafnastarfsemi.

**Með framlagningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins. Óskað er eftir því að umsagnaraðilar, bæjarbúar og aðrir hagsmunaaðilar leggi fram sjónarmið og ábendingar nú í upphafi verks, sem að gagni gætu komið í skipulagsvinnunni.**



Mynd 1: Háteigsvör, Heimaskagavör og grjótvörn aðalhafnargarðs Akraneshafnar, svæði fyrirhugaðrar landfyllingar.

## 1.1 SKIPULAGSLÝSING

Í lýsingu er gerð grein fyrir helstu forsendum, fyrirliggjandi stefnu, áherslum skipulags- og umhverfisráðs, viðfangsefnum deiliskipulagsins og fyrirhuguðu skipulagsferli. Leitað verður umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

## 2 VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagsvinnu er að vinna deiliskipulag fyrir nýja landfyllingu á hafnarsvæðinu á Akranesi. Um er að ræða hluta landnotkunarreits H-102 í Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Skipulagssvæðið er 6,3 ha.

- Umfang landfyllingar og mörk hafnarsvæðis liggja fyrir í aðalskipulagi.
- Afmarkað er nýtt deiliskipulagssvæði sunnan aðalhafnargarðs. Gerð verður minni háttar breyting á afmörkun núgildandi og aðliggjandi deiliskipulagsáætla.
- Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir gatnakerfi, aðkomuleiðum, lóðamörkum, byggingarmagni og skilmálum um byggingar, starfsemi og yfirbragð svæðisins.
- Mörk skipulagssvæðis og hafnarsvæðis gætu breyst við vinnslu deiliskipulagsins.

## 3 FORSENDUR

### 3.1 STAÐHÆTTIR

Mestur hluti skipulagssvæðisins verður ný landfylling.

Skipulagssvæðið nær yfir hluta sjóvarnargarðs við aðalhafnargarð Akraneshafnar. Hann verður færður/endurnýttur í sjóvarnargarði nýrrar landfyllingar.

Hluti skipulagssvæðisins nær yfir Heimaskagavör, Miðteigsvör og Steinsvör sem eru í lítilli vík í krikanum þar sem aðalhafnargarðurinn mætir ströndinni. Fyllt hefur verið í allt uppland vökurinnar en víkin sjálf mun lenda undir nýrri landfyllingu. Sjá kafla 3.3 um fornleifar.

Klappirnar sitt hvorum megin við víkina eru eina ósnerta landið innan skipulagssvæðisins. Byggingar og sjóvarnargarðar ná alls staðar fram á sjávarklappirnar. Neðar (sunnar) eru Sýrupartsklettur og Skarfavör sem er innan hverfisverndarsvæðis.



Mynd 2: Afmörkun skipulagssvæðis sýnd á loftmynd frá 2021. Loftmyndir ehf.

### 3.2 GATNAKERFI



Mynd 3: Aðkomuleiðir.

Aðkomuleiðir að deiliskipulagssvæðinu eru frá austurenda Bárugötu og Hafnarbraut rétt vestan aðalhafnargarðs.

### 3.3 FORNMINJAR

Fornminjar á svæðinu hafa verið skráðar í tveim áföngum (Adolf Friðriksson: *Deiliskrá fornleifa á Sýruparti Akranesi 2016*; Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson: *Fornleifakönnun við Akraneshöfn 2018*).

Sunnan og vestan við höfnina er lítil vík sem í voru lendingarstaðir Heimaskaga og nærliggjandi býla. Þar eru einnig leifar bryggju frá 1908 með síðari viðbótum. Minjastaðir hafa verið mældir upp og myndaðir til samræmis við óskir og leiðsögn Minjastofnunar Íslands og merktir inn á skipulagsupprátt. Gerð er grein fyrir sögu og þróun svæðisins í deiliskrá fornleifa á Sýruparti.

### 3.4 GILDANDI SKIPULAGSÁKVÆÐI

#### 3.4.1 DEILISKIPULAG


##### AKRANESHÖFN, DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS

Deiliskipulag hafnarsvæðisins var staðfest af Félagsmálaráðuneytinu 13. okt. 1987 samkvæmt þágildandi skipulagslögum. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu, þær síðustu með breyttum skipulagsmörkum við Sementsbryggju 2017 og lengingu aðalhafnargarðs 2019.

##### DEILISKIPULAG BREIÐARSVÆÐIS

Deiliskipulag Breiðarsvæðis var samþykkt í bæjarstjórn 13. janúar 1998. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu, m.a. á austurmörkum skipulagssvæðisins 2003.

Hugmyndasamkeppni var haldin 2022 um skipulag Breiðarinnar.



Mynd 4: Afmörkun deiliskipulagssvæðis og aðliggjandi deiliskipulagsáætlana. Minni háttar breytingar kunna að verða á skipulagsmörkum á vinnslutíma tillögunnar.


## SAMHENGI VIÐ GILDANDI DEILISKIPULAG

Deiliskipulag landfyllingar sunnan aðalhafnargarðs verður unnið sem sjálfstæð skipulagsáætlun. Mörkum aðliggjandi skipulagssvæða verður breytt til samræmis við afmörkun nýs skipulags og verður gerð grein fyrir þeim breytingum á sérstökum breytingablöðum viðkomandi deiliskipulagsáætlana.

Ósamræmi er í afmörkun deiliskipulagsmarka hafnarskipulagsins og deiliskipulags Breiðarinnar þar sem skipulagssvæðin mætast. Ekki hefur verið gætt nægjanlega að samræmi við gerð breytingablaða. Ósamræmið hefur ekki komið að sök en verður úr sögunni með afmörkun nýs deiliskipulagssvæðis og breytingum á mörkum gildandi skipulags.

### 3.4.2 ÁKVÆÐI AÐALSKIPULAGS

Skipulagssvæðið er hluti hafnarsvæðis H-102 í endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness 2021-2033.



Mynd 5: Aðalskipulag Akraness 2021-2033. Skipulagssvæðið dregið með slitinni línu inn á svæði H-102.

Um hafnarsvæðið gilda eftirfarandi ákvæði aðalskipulags.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H-102	17.6	Akraneshöfn.	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnarsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðisins.	Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants og um 6 ha. landfyllingu sunnan núv. sjóvarnargarðs sbr. kafla 3.8.3. Lenging sjóvarnargarðs er með fyrirvara um að gerð verði athugun á áhrifum hennar á sandflutninga og sandbúskap Langasands.

## 3.5 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 3.5.1 UMHVERFISSTEFNA AKRANESKAUPSTAÐAR

Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar er fléttuð inn í stefnu og meginmarkmið Aðalskipulags Akraness 2021-2033 eftir því sem við á.

### 3.5.2 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi.<sup>1</sup>

Heimsmarkmiðin eru yfirgrípandi og eru studd markmiðum Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem betur eiga við skipulag sveitarfélaga.

### 3.5.3 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Í henni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

**SJÁLFBÆRT SKIPULAG ÞÉTTBÝLIS** (*kaflanúmer eru úr landsskipulagsstefnu*)

#### 3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða.

... Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

**GÆÐI HINS BYGGÐA UMHVERFIS.**

#### 3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og jafnframt varðveita verðmæt náttúrusvæði. ...

Leggja ber áherslu á fallega bæjarmynd og gott umhverfi á nýjum athafnasvæðum. Hafnarsvæðið og ásynd af hafi er mikilvægur hluti bæjarmyndar Akraness. Í aðalskipulagi er stefna um að byggingar á Akranesi geti talist góð byggingarlist.

### 3.5.4 AÐRAR ÁÆTLANIR

Deiliskipulag svæðisins hefur hvorki áhrif á Samgönguáætlun né Kerfisáætlun Landsnets.

### 3.5.5 NÁTTÚRUVERNÐ

Svæðið er raskað og snertir hvorki sérstæðar náttúruinjar né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

<sup>1</sup> *Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar* (sótt í okt. 2019).

## 4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Öll skipulagsvinna, bæði nýjar áætlanir og breytingar á gildandi skipulagi, fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Við gerð deiliskipulagsins verður unnin umhverfismatsskýrsla þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Gerð var grein fyrir umhverfismati áætlana um Skarfatangahöfn í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 en í þeirri áætlun fólust mun umfangsmeiri landfyllingar og hafnarmannvirki en nú er stefnt að. Umhverfismat áætlana var einnig unnið vegna þeirra breytinga á aðalskipulaginu sem snertu Akraneshöfn, annars vegar niðurfellingar Skarfatangahafnar og hins vegar lengingar aðalhafnargarðs. Í umhverfismatsskýrslu Aðalskipulags Akraness 2021-2033 voru fyrst og fremst metin áhrif breytinga en einnig var þar lagt lauslegt mat á áhrif landfyllinga á hafnarsvæði.

Landfyllingar sem eru áætlaðar 5 ha eða stærri ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem úrskurðar um það hvort meta þurfi sérstaklega umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Heildarumfang landfyllinga í Akraneshöfn (hafnarsvæði og lenging aðalhafnargarðs) er áætlað 6,0 ha í aðalskipulagi, þar af er lenging aðalhafnargarðs um 1,4 ha. Landfylling og sjóvarnargarður innan deiliskipulagssvæðisins verður um 4,6 ha.

Umhverfismatsskýrsla deiliskipulagsins verður unnin sem matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar, þ.e. tilkynning um framkvæmd í flokki B sbr. 1. viðauka laga nr. 111/2021.

### 4.1 EFSNI UMHVERFISMATSSKÝRSLU

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta,
- lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Hér verður gerð grein fyrir efni umhverfismatsskýrslu og nokkur meginatriði hennar reifuð. Óskað er samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismatsskýrslu/matsskyldufyrirspurn.

Gerð verður grein fyrir eftirtöldum þáttum í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagsins.

#### A) YFIRLIT

Yfirliti yfir verkefnið er í köflum 1 og 2 í skipulagslýsingu. Gerð er lauslega grein fyrir helstu forsendum í kafla 3. Efni kaflanna verður unnið nánar við gerð skipulagsins og verða þeir hluti umhverfismatsskýrslunnar.

#### B) MAT Á LÍKLEGUM UMHVERFISÁHRIFUM

Á þessu stigi er ekki unnt að meta umhverfisáhrif af nýrri starfsemi, sem verður á óbyggðum eða nýjum lóðum á svæðinu þar sem ekki er vitað hver hún verður.

Umhverfisþættir sem meta þarf eða verða líklega fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsins:

Umhverfisþáttur	Skýringar
Landslag og ásýnd	Landfylling og uppbygging á svæðinu hefur áhrif á bæjarmynd Akraness. Svæðið er við aðkomuleið af hafi. Til skoðunar í mati.
Yfirborðsvatn, grunnvatn	Til skoðunar í mati. Á væntanlega ekki við.



Umhverfisþáttur	Skýringar
Menningarminjar	Nýtt og raskað land. Fornleifaskrá liggur fyrir. Staðir með tengsl við atvinnusögu bæjarins lenda undir landfyllingu.
Náttúruminjar	Skipulagssvæðið er utan náttúruverndarsvæða. Til skoðunar í mati.
Heilsa og öryggi	Til skoðunar í mati.
Byggð og efnisleg verðmæti	Líkleg jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag á Akranesi. Til skoðunar í mati.
Útivist	Skoða samhengi eða tengingu við strandstíg sem í aðalskipulagi er utan skipulagssvæðisins. Til skoðunar í mati.

Við mat á umfangi áhrifa skipulagsbreytinga á umhverfið verður einnig tekið mið af þróun umhverfisþátta án uppbyggingar samkvæmt skipulagi.

Vægi umhverfisáhrifa verða flokkuð í jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óviss áhrif og áhrif háð útfærslu.

### C) RAUNHÆFIR VALKOSTIR

Engir möguleikar eru nú á nýbyggingum fyrir hafnsækna starfsemi í beinum tengslum við Akraneshöfn.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um valkostagreiningu.

### D) MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG VÖKTUN

Mótvægisáðgerðir og vöktun ráðast af þeirri starfsemi sem verður á skipulagssvæðinu í samræmi við þau ákvæði laga og reglugerða, sem gilda um viðkomandi starfsemi.

### E) SAMANTEKT

Samantekt umhverfismatsskýrslu verður unnin við verklok.

### F) AÐRAR UPPLÝSINGAR

Aðrar upplýsingar verða lagðar fram eftir því sem þörf krefur við gerð umhverfismatsskýrslu.

## 5 SKIPULAGSFERLI

Deiliskipulagstillaga verður kynnt og auglýst í samræmi við 40. og 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

### 5.1 LÝSING

Með framlagningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins. Óskað er eftir því að umsagnaraðilar, bæjarbúar og aðrir hagsmunaaðilar leggi fram sjónarmið og ábendingar nú í upphafi verks, sem að gagni gætu komið í skipulagsvinnunni.

### 5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Faxaflóahafnir
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.
- Landsnet

### 5.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

Að fengnum ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum við skipulagslýsingu verður unnið að gerð deiliskipulagstillögu. Drög eða vinnslutillögur verða kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Að þeirri kynningu lokinni mun skipulags- og umhverfisráð ganga frá tillögu að deiliskipulagi með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum, sem fram kunna að koma eftir því sem við á.

Eftir að bæjarstjórn hefur afgreitt skipulagstillögu til auglýsingar verður hún auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður a.m.k. 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögu til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillögunnar skal hún auglýst að nýju. Deiliskipulagið öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Stefnt er að auglýsingu skipulagstillögu í síðsumars 2024 og gildistöku í nóvember 2024.

### 5.4 TÍMAÁÆTLUN

- |   |                      |
|---|----------------------|
| • Skipulagslýsing auglýst/kynnt   | feb./mars 2024       |
| • Samráð um drög að deiliskipulagi, kynningarfundur/opið hús                                | maí/júní 2024        |
| • Skipulagsvinna  | mars-júlí 2024       |
| • Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu   | júlí/ágúst 2024      |
| • Skipulagstillaga auglýst, 6 vikna athugasemdafrestur                                      | ágúst/september 2024 |
| • Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögu um afgreiðslu                                    | okt./nóv. 2024       |
| • Bæjarstjórn afgreiðir/samþykkir skipulagstillögu (meiriháttar breytingar > auglýst aftur) | nóvember 2024        |
| • Nýtt deiliskipulag tekur gildi  | nóvember 2024        |

## 5.5 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Óskað er eftir sjónarmiðum, hugmyndum, ábendingum og athugasemdum í upphafi verks. Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum og á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/skipulag-i-kynningu>. Hún verður einnig aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Dalbraut 4. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu. Þær skulu vera skriflegar, merktar *Akraneshöfn – skipulag*, og sendar á

Þjónustuver Akraneskaupstaðar  
Dalbraut 4  
300 Akranesi  
eða á netfangið [skipulag@akranes.is](mailto:skipulag@akranes.is)

Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akraneskaupstaðar.